

SÉRÁKVÆÐI AFLs, STARFSGREINAFÉLAGS VEGNA SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR

Sérákvæði sjúkraflutningamanna:

1. Bakvaktarálag

Í stað bakvaktarálags greiðast 4 tímar í yfirvinnu fyrir hvern sólarhring sem bakvakt er staðin. Yfirvinnukaup á bakvakt reiknast út frá launaflokki starfsmannsins með persónuálagi. Lágmarks útkall er 4 klst. Sé unnið lengur greiðist að auki fyrir þann tíma sem unnið er. Ef annað útkall kemur innan tveggja klukkustunda frá því að vinnu lauk skal greitt eins og um samfellda vinnu sé að ræða. Yfirvinna í útköllum vegna takmarkana á matar- og kaffitímum, skal greiða sem svarar 15 mínútur í yfirvinnu fyrir hvert 4 klst. útkall og hlutfallslega ef unnið er lengur. Séu útköll styttri en 4 klst. fellur þessi greiðsla niður.

2. Orlof í tengslum við vaktir

Sumarleyfi sjúkraflutningamanna skal vera 1 frídagur fyrir hverjar tvær vikur á vakt. Fastráðnir starfsmenn fái sumarleyfi í tvær bakvaktarvikur samtals 14 daga.

3. Vinnuskýrslur

Sjúkraflutningsmenn skulu halda vinnuskýrslu og skila henni til HSSA fyrir 20. hvers mánaðar. Sjúkraflutningamenn skulu fá líkamsræktarstyrk að fjárhæð kr. 25.000- árlega auk þess hafa þeir frían aðgang að sundstöðum. Upphæð líkamsræktarstyrks skal síðan taka breytingum 1. september ár hvert í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs með vísitölu nóvembermánaðar 2015 sem grunnvísitölu.

4. Desember- og orlofsuppbót

Fastráðnir sjúkraflutningamenn og sjúkrabílstjórar skulu fá greidda fulla desember- og orlofsuppbót í réttu hlutfalli við ráðningartíma, sbr. þó greinar 1.7 og 1.8 (um ráðningartíma).

5. Símatækjagreiðslur:

Sjúkraflutningamenn fái greiðslu vegna notkunar á eigin síma kr. 2.000,- frá 1. nóvember 2015 en kr. 3.000,- frá 1. júní 2018.

20. nóvember 2015

f. h. AFLs
Svenni Alfreðsson

f. h. SNS
Sólveig Björnsdóttir
Bjarni Ólafur Haraldsson